

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2022, miðvikudaginn 14. desember var haldinn 30. fundur íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn fór fram í Borgarbókasafninu í Úlfarsárdal og hófst kl. 16.00. Viðstaddir voru: Stefán Pálsson, Herdís Björnsdóttir, Sara Björg Sigurðardóttir, Björn Ingi Björnsson, Ellen Ellertsdóttir og Heiða Björk Júlíusdóttir. Fundinn sátu einnig Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir sem ritaði fundargerð og Trausti Jónsson.

Þetta gerðist:

1. Lagt er til að Stefán Pálsson gegni störfum formanns íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals á fundinum í fjarveru formanns með vísan til 2. mgr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. MSS22090031
Samþykkt.
2. Fram fer kynning á starfsemi Fram í Úlfarsárdal. MSS22090034
Pór Björnsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Lagt fram erindi íbúa í hverfinu dags. 16. nóvember 2022 um skort á stígum eða gangstétt við Úlfarsbraut og að Reynisvatnsási. MSS22110146

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals beinir því til Samgöngustjóra að leggja mat á hvort tilefni sé til að bæta úr aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda á veginum frá Úlfarsbraut við íþróttahús og að Reynisvatnsási.

4. Lagt fram svar við fyrirspurn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um merkingar á gatnamótum Urðarbrunns og Úlfarsbrautar, sbr. 10. liður fundargerðar ráðsins frá 16. nóvember 2022.
5. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
6. Fram fer umræða um jólaskreytingar í hverfinu

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals lýsir ánægju með jólatréð sem sett var upp á mótum Lambhagavegs og Mímisbrunns. Hafa íbúar gert góðan róm af tré þessu sem er hverfisprýði.

7. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður. MSS22040019

Samþykkt að veita Tónlistarfélagi Árbæjar styrk að upphæð kr. 280.000,- vegna verkefnisins Ókeypis námskeið og lagasmíðamót fyrir unga lagahöfunda.
Samþykkt að veita Foreldrafélagi Sæmundarskóa styrk að upphæð kr. 70.000,- vegna verkefnisins Litlu jól Sæmundarskóla.

Fundi slitið kl. 17:18

Stefán Pálsson

Sara Björg Sigurðardóttir
Herdís Björnsdóttir
Heiða Björk Júlíusdóttir

Björn Ingi Björnsson
Ellen Ellertsdóttir